



Reykjavík, 15. febrúar 2024

USK24020059

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisfloksins um smáhýsi

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Umhverfis- og skipulagsráð 14. febrúar 2024: Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisfloksins um smáhýsi, sbr. 27. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 7. febrúar 2024.

„Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisfloksins:

- Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um kostnað Reykjavíkurborgar við smíði og rekstur smáhýsa, sem starfrækt eru af velferðarsviði.
- Óskað er eftir upplýsingum um allan kostnað við fjárfestingu og rekstur; þ.e. hönnun, jarðvinnu byggingarkostnað o.s.frv.
- Óskað er eftir upplýsingum um kostnað við hvert smáhýsi, sem og heildarkostnað.“

Svar við fyrirspurn

Í svari við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisfloksins um kostnað vegna smáhýsa sem lagt var fram fyrir 437. fund velferðaráðs kemur fram að *Eignaskrifstofa á smáhúsin og leigir velferðarsviði, sem úthlutar húsunum til einstaklinga sem eru á biðlista eftir félagslegu leiguþúsnæði. Félagsbústaðir hafa umsjón með og sjá um viðhald húsanna og samskipti við leigjendur svo sem gerð leigusamninga og fleira því tengdu.*

Hvað varðar smíði og uppsetning á smáhúsum, þá hafa verið sett upp 20 smáhús á 6 stöðum í Reykjavík.

Staðsetning	Fjöldi smáhúsa
Gufunes	5
Skógarhlíð	2
Stórhöfði	3
Kleppsmýrarvegur	3
Héðinsgata	2
Laugardalur	5



Reykjavík



Heildarkostnaður verð gerð þeirra er um 846 m. kr. og skiptist kostnaður þeirra eftirfarandi:

	Samtals (m. kr.)
Undirbúningur og hönnun	55.745
Samtals Útboðsverk	512.011
Samtals Útboðsverk, aukaverk	70.076
Samtals Önnur verk	114.905
Samtals Umsjón og eftirlit	12.198
Samtals Annað	82.008

Í töflunni hér að neðan er sundurliðaður kostnaður vegna jarðvinnu og umhverfisfrágangs, smíði og flutnings fyrir hvert smáhús eftir staðsetningu:

Staðsetning	Jarðvinna og umhverfisfrágangur	Smíði og flutningur	Samtals (per hús)
Gufunes	21.072.410	13.001.611	34.074.021
Skógarhlíð	21.683.863	13.001.611	34.685.473
Stórhöfði	36.406.244	13.001.611	49.407.855
Kleppsmýrarvegur	24.348.834	13.001.611	37.350.445
Héðinsgata	24.320.686	13.001.611	37.322.297
Laugardalur	28.086.856	13.001.611	41.088.467

Eins og kemur fram í töflunni var kostnaður vegna jarðvinnu og umhverfisfrágangs smáhusa á hverri staðsetningu fyrir sig mjög mismunandi eftir aðstæðum en í öllum tilvikum var horft til þess að lágmarka kostnað við uppsetningu þeirra.

Ámundi Brynjólfsson

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri

Umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík